

Breytingin varðar verslunar- og skrifstofureit á horni Kirkjubrautar og Háholts þannig að í stað stórrar einnar byggingar á horninu er gert ráð fyrir tveimur minni byggingum.

Bæjarstjórn Akraness hefur lýst því yfir, að hún taki að sér að bæta það tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Umhverfissráðuneytið, 9. janúar 1995.

F. h. r.
Magnús Jóhannesson.

Hrafn Hallgrímsson.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Eyrarbakka 1987-2007.

Samkvæmt ósk sveitarstjórnar Eyrarbyggðar hefur skipulagsstjórn ríkisins þann 14. desember 1994 staðfest breytingu á aðalskipulagi Eyrarbakka sem staðfest var 20. janúar 1989, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.

Breytingin er fölginn í því að á svæði austan við Álfstétt og norðan við Háeyrarvelli er sett íbúðabyggð þar sem áður var að hluta grænt svæði.

Sveitarstjórn Eyrarbyggðar hefur lýst því yfir, að hún taki að sér að bæta það tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Umhverfissráðuneytið, 9. janúar 1995.

F. h. r.
Magnús Jóhannesson.

Hrafn Hallgrímsson.

AUGLÝSING

ríkisskattstjóra nr. 7/1995 um breytingar samkvæmt skattvísitölu gjaldárið 1995.

Samkvæmt 7. gr. fjárlaga fyrir árið 1995 hefur skattvísitala gjaldársins 1995 verið ákveðin **103,92 stig** miðað við gjaldárið 1992 en þá var hún **100 stig**.

A. Samkvæmt ákvæðum 122. gr. laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, er skylt að hækka eða lækka í samræmi við skattvísitölu þær fjárhæðir sem